

AUGLÝSING

um skipulag í Borgarbyggð.

Óverulegar breytingar á deiliskipulagi Viðskiptaháskólans á Bifröst.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreindar breytingar á skipulagi.

Breytingarnar felast í því að lóð núverandi leikskóla og lóð undir þjónustubyggingu (leikskóla) fyrir sveitarfélagið eru sameinaðar í eina lóð og heildarstærð þeirra minnkuð. Jafnframt eru byggingarreitir á ofangreindum lóðum sameinaðir í einn byggingarreit.

Breytingar á deiliskipulaginu hafa fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirlit af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreindar breytingar á skipulaginu öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag frístundabyggðar að Þiðriksbæli í landi Kvía í Þverárhlið.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreint skipulag.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirlit af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag iðnaðarlóðar við Vallarás 15, Borgarnesi.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreint skipulag.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirlit af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 15. maí 2002.

Sigurður Páll Harðarson, bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar.